



Almennir viðskiptaskilmálar Íslandsbanka hf.

Gildistaka 13. apríl 2024

Efnisyfirlit

1. Um skilmálana, gildistöku og breytingar.....	2
2. Upphaf viðskipta.....	2
3. Meðferð öryggisupplýsinga og öryggisráðstafanir.....	2
4. Umboð.....	2
5. Færslur og yfirlit.....	3
6. Vextir.....	3
6.1. Vaxtakjör.....	3
6.2. Vaxtaútreikningur.....	4
7. Verðskrá (gjaldtaka bankans).....	4
8. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og upplýsingaöflun v. skattamála ...	5
9. Útlán.....	6
10. Viðskipti með fjármálagerninga.....	6
11. Lok viðskipta.....	7
12. Erlend viðskipti.....	7
13. Rafrænar upplýsingar og rafrænar undirskriftir.....	8
14. Hljóðritun símtala.....	8
15. Eftirlitsmyndavélar.....	8
16. Meðferð persónuupplýsinga.....	8
17. Þagnarskylda.....	9
18. Ábyrgð á tjóni.....	10
19. Kvartanir og ábendingar.....	10
20. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki.....	10
21. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.....	10

1. Um skilmálana, gildistöku og breytingar

Almennir skilmálar Íslandsbanka hf., kt. 491008-0160, gilda í viðskiptum milli bankans og viðskiptavina hans. Þeir hafa að geyma stöðluð ákvæði um réttindi og skyldur aðila. Gildistaka þessara skilmála er 13. apríl 2024. Skilmálar þessir gilda fyrir alla viðskiptavinum Íslandsbanka.

Í ákveðnum tilvikum gilda auk þess sérstakir skilmálar um viðskipti milli aðila. Komi upp ósamræmi milli skilmála þessara og sérstakra skilmála skulu ákvæði þeirra síðarnefndu gilda. Viðskiptavinir bankans skulu kynna sér þær reglur og/eða þá skilmála sem gilda um viðkomandi viðskipti. Samningar við bankann þar sem sérstaklega er samið um frávik frá þessum almennu skilmálum eða sérstökum skilmálum bankans ganga framfar.

Íslandsbanka er heimilt að gera breytingar á skilmálum þessum hvenær sem er og taka slíkar breytingar gildi án fyrirvara ef þær eru til hagsbóta fyrir viðskiptavinum. Að öðrum kosti taka breytingar gildi með tveggja mánaða fyrirvara. Uppfærðir skilmálar eru birtir á vef bankans www.islandsbanki.is.

2. Upphaf viðskipta

Við upphaf viðskipta kannar Íslandsbanki áreiðanleika nýrra viðskiptavina með því að óska eftir ýmsum upplýsingum um hagi þeirra, s.s. nafn, búsetu, lögheimili og kennitölu, auk upplýsinga um fjárhagslega stöðu þeirra og tilgang viðskiptanna, sjá nánar í umfjöllun kafa 8 um Aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka, FATCA og CRS.

Við fyrstu viðskipti viðskiptavinar við Íslandsbanka eftir gildistöku skilmálanna telst viðskiptavinur hafa samþykkt skilmála þessa sem og aðra skilmála sem tilheyra viðkomandi viðskiptum.

Bankanum er heimilt að hafna umsókn einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, um viðskipti nema lög kveði á um annað. Bankanum ber almennt ekki skylda til að rökstyðja ákvörðun sína um synjun nema að lög mæli svo fyrir. Fallist umsækjandi ekki á rökstuðning bankans getur hann beint kvörtun til úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki, sbr. 21. gr.

3. Meðferð öryggisupplýsinga og öryggisráðstafanir

Við framkvæmd tiltekinna viðskipta þurfa viðskiptavinir að nota leyninúmer eða auðkennislykil, svo sem í netbanka, snjalltækjum eða með debet- eða kreditkortum. Númerin skulu uppfylla þau skilyrði sem bankinn telur nauðsynleg til að tryggja öryggi viðskiptavina á hverjum tíma, svo sem um stafafjölda og gerð þeirra.

Viðskiptavinir ábyrgjast að varðveita allar öryggisupplýsingar með tryggum hætti og bera ábyrgð á því að þær berist ekki í hendur óviðkomandi aðila eða séu aðgengilegar öðrum. Sama gildir um varðveislu debet- eða kreditkorta.

Viðskiptavinir skuldbinda sig til að breyta samstundis leyninúmeri ef grunur leikur á að óviðkomandi aðili hafi fengið vitneskju um það. Þá skal tilkynna bankanum um slíkan grun án tafar. Sama gildir ef kort týnist.

Handhafi leyninúmers eða auðkennislykils ber fulla ábyrgð á aðgerðum sem framkvæmdar eru í Netbanka Íslandsbanka með leyninúmeri eða auðkennislykli hans. Viðskiptavinir bera ábyrgð á öllum viðskiptum sem gerð eru og/eða upplýsingum sem fengnar eru þar sem rétt kort og/eða öryggisupplýsingar eru notaðar óháð eðli þeirra. Handhafi leyninúmers eða lykilsins ábyrgist jafnframt tjón gagnvart eiganda hans (Auðkenni hf.) og/eða Íslandsbanka, sem kann að verða við vörslu eða notkun leyninúmers eða auðkennislykils, t.d. við misnotkun notanda eða annars aðila.

Íslandsbanki ákveður hvaða öryggisþættir eru notaðir við framkvæmd færslna eða annarra viðskipta við bankann. Bankanum er hvenær sem er heimilt að innkalla debet- eða kreditkort eða auðkennislykla til uppfærslu á öryggisþáttum. Bankinn getur lokað á notkun leyninúmers eða auðkennislykils eða gert viðskiptavinum að skipta út sömu þáttum ef grunur leikur á misnotkun eða villuhættu.

4. Umboð

Umboð viðskiptavina til þriðja aðila til að annast viðskipti við bankann fyrir sína hönd skulu vera; skrifleg og vottuð af tveimur vottum, af héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmanni eða af lögbókanda (notario publico).

Í umboði skal tiltaka nákvæmlega til hvaða erinda umboðið tekur. Breyting og afturköllun umboðs skal einnig vera skrifleg og vottuð með sama hætti og veiting umboðs. Breyting og afturköllun öðlast gildi þegar afturköllun berst bankanum.

Íslandsbanki hefur heimild til að synja viðskiptum á grundvelli umboðs viðskiptavina telji bankinn það ekki fullnægjandi.

5. Færslur og yfirlit

Yfirlit yfir allar færslur á reikningum (reikningsyfirlit) eru aðgengileg í netbanka. Viðskiptavinur, sem ekki hefur aðgang að netbanka, getur óskað eftir því að fá yfirlit send til sín í bréfpósti. Reikningseigandi skal fara yfir reikningsyfirlit sín reglulega. Hafi hann athugasemdir við færslur ber honum að senda skriflega og undirritaða athugasemd til bankans innan 30 daga frá greiðslu eða 20 daga frá birtingu. Þegar reikningseigandi er ekki neytandi skal hann gera athugasemdir innan 30 daga frá greiðslu. Berist ekki athugasemd telst reikningsyfirlitið rétt.

Íslandsbanka ber skylda til að endurgreiða viðskiptavinum greiðslur sem bankinn hefur tekið ranglega út af reikningum þeirra. Á sama hátt hefur bankinn heimild til að draga til baka greiðslur sem hann hefur ranglega lagt inn á reikning viðskiptavina, s.s. þegar sama greiðsla er lögð inn tvisvar sinnum í röð eða þegar innsláttur á röngum upplýsingum um móttakanda greiðslu á sér stað. Slíkar leiðréttingar skulu eiga sér stað jafnharðan og koma fram á reikningsyfirlitum viðskiptavina.

Mistök af hálfu viðskiptavina við millifærslur, skuldfærslur og innborgarnir á reikning þriðja aðila sem leiða til þess að greitt er inn á rangan reikning verða ekki leiðréttar af bankanum án samþykkis móttakanda greiðslunnar. Slík mistök eru á ábyrgð viðskiptavina bankans.

6. Vextir

6.1. Vaxtakjör

Vextir inn- og útlána eru breytilegir nema annað sé tekið fram og fara eftir vaxtatöflu bankans fyrir viðkomandi reikningstegund. Vaxtataflan er aðgengileg á vef bankans. Breytingar á vaxtatöflu eru tilkynntar með birtingu á vef bankans, í netbanka, í appi eða með öðrum hætti sem bankinn ákveður. Breytingar á vöxtum taka meðal annars mið af breytingum á fjármögnunarkostnaði (lánskjörum) bankans, rekstrarkostnaði, opinberum álögum og/eða öðrum ófyrirséðum kostnaði, stýrivöxtum Seðlabanka Íslands, breytingum á öðrum viðmiðunarvöxtum, t.d. LIBOR og EURIBOR, breytingum á vísitölu neysluverðs til verðtryggingar o.fl. Hlutfall framangreindra þátta í ákvörðun um breytingar á vöxtum er breytilegt og ræðst meðal annars af ákvörðunum opinberra aðila og markaðsaðstæðum hverju sinni. Við vaxtabreytingar eru allir þessir þættir metnir saman og/eða hver um sig. Hafi orðið breyting á einhverjum þessara þátta þegar endurskoðun vaxta fer fram, getur það leitt til þess að vöxtum verði breytt, hvort sem er til hækkunar eða lækkunar. Innláns- og útlánsvextir ákvarðast og breytast án nokkurs fyrirvara í samræmi við vaxtaákvörðun Íslandsbanka á hverjum tíma. Breytingar á innlánsvöxtum sem einvörðungu má rekja til breytinga á stýrivöxtum Seðlabanka Íslands eða öðrum viðmiðunarvöxtum, t.d. LIBOR og EURIBOR, taka gildi þegar í stað og án fyrirvara. Sama gildir ef breytingar byggjast á viðmiðunargengi. Ef vaxtabreytingar verða ekki tengdar breytingum á viðmiðunarvöxtum og bankinn metur fyrirhugaðar vaxtabreytingar viðskiptavinum í hag taka breytingarnar gildi án fyrirvara. Að öðrum kosti birtir bankinn fyrirhugaðar breytingar á vöxtum á innlánum og útlánunum með þeim hætti sem gildandi lög og reglur gera ráð fyrir hverju sinni.

Í þeim tilvikum þegar reikningseigandi er ekki neytandi í skilningi laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 eða laga um neytendalán nr. 33/2013 með síðari breytingum gilda ekki fyrrgreind ákvæði um vaxtabreytingar og geta vextir í þeim tilvikum breyst án fyrirvara í samræmi við ákvörðun Íslandsbanka um vexti hverju sinni.

Breytingar á vaxtakjörum greiðslureikninga sem falla undir lög um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 taka breytingum með tveggja mánaða fyrirvara í samræmi við 42. gr. tilgreindra laga nema breyting byggist breytingu á viðmiðunarvöxtum eða viðmiðunargengi og/eða er til hagsbóta fyrir viðskiptavini.

Breytingar á vaxtakjörum lána sem teljast til neytendalána skv. lögum nr. 33/2013 taka breytingum með 30 daga fyrirvara nema breyting byggist á breytingu á viðmiðunarvöxtum, viðmiðunargengi, vísitölum og/eða er til hagsbóta fyrir viðskiptavini.

Hafi bankinn og viðskiptavinur samið um sérstök vaxtakjör, gilda þeir samningsskilmálar umfram almennar breytingar á vaxtatöflu bankans og taka breytingum í samræmi við ákvæði þess samnings, þegar við á. Ef ekki er vísað til umsaminna vaxta í vaxtatöflu, skulu þeir allt að einu fylgja almennum breytingum á vöxtum þeirra reikninga sem sambærilegir geta talist, enda

stafi breytingarnar af þeim þáttum sem raktir eru hér að framan. Bankanum er heimilt að breyta og fella niður sérstök vaxtakjör með eins mánaðar fyrirvara kveði samningar um sérstök vaxtakjör ekki á um annað.

Upplýsingar um inn- og útlánsvexti má nálgast á vef bankans www.islandsbanki.is, í þjónustuveri og útibúum bankans.

6.2. Vaxtaútreikningur

Innborgun á greiðslureikning í skilningi laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 ber vexti frá og með þeim tíma þegar fjármunir eru eignfærðir á reikning. Dagurinn fyrir skuldfærslu á greiðslureikning er síðasti vaxtadagur útborgunar. Sérstakar reglur geta gilt um vaxtaútreikning á öðrum reikningum sem og vegna innborgana og útborgana sem framkvæmdar eru um helgar og á lögbundnum frídögum hvort sem er í netbanka, í þjónustuveri eða í útibúum bankans.

Eðli og tegund reikninga og útlána ráða því hvenær vextir leggjast við höfuðstól. Vextir leggjast almennt við höfuðstól um áramót og við eyðileggingu reiknings. Sé reikningur bundinn kunna vextir, sem lagðir eru við höfuðstól um áramót, að bindast með sama hætti og aðrar innborganir. Verðbætur leggjast við höfuðstól í lok hvers mánaðar nema um annað sé sérstaklega samið. Við vaxtaútreikning er miðað við 30 vaxtadaga í mánuði og 360 vaxtadaga í ári nema um annað sé sérstaklega samið. Upphaf og lok tímabils fer eftir tegund innlánsreiknings og útláns hverju sinni. Þegar reikningur er verðtryggður reiknast verðbætur um hver mánaðamót samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar og leggjast almennt við höfuðstól í lok hvers mánaðar.

Fjármagnstekjuskattur er skuldfærður af vaxtatekjum, verðbótum og gengishagnaði í samræmi við ákvæði laga og er skuldfærður af viðkomandi reikningi.

Reikningseigandi skuldbindur sig til að greiða vexti og kostnað af yfirdráttarheimild samkvæmt vaxtatöflu og verðskrá bankans á hverjum tíma, nema um annað hafi verið samið. Vextir af yfirdráttarlánnum eru reiknaðir mánaðarlega og skuldfærðir síðasta virka dag hvers mánaðar vegna vaxtatímabilsins frá 1. degi til síðasta dags viðkomandi mánaðar, nema um annað hafi verið samið. Af úttektum umfram heimild greiðist sérstakt gjald samkvæmt gildandi verðskrá bankans á hverjum tíma.

Ef innstæða reynist ekki næg fyrir útborgun af tékkareikningum/debetkortareikningum falla á skuldina dráttarvextir í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu og ákvörðun Seðlabanka Íslands um vanefndaálag frá úttektardegi fram að greiðsludegi reiknaðir sem dagvextir að viðbættum kostnaði samkvæmt verðskrá bankans.

Vextir af útlánnum eru mismunandi eftir tegund útláns. Útborgunardagur láns er fyrsti vaxtadagur nema um annað hafi verið samið. Allar innborganir inn á skuld viðskiptavinar ganga fyrst til greiðslu vaxta og kostnaðar, þ.m.t. innheimtugjalda og lögmansþóknunar.

Bankadagur er virkur dagur þegar bankar eru opnir á Íslandi. Ef gjalddagi, sem jafnframt er eindagi, lendir á almennum frídegi eða helgidegi færast hann á þann bankadag sem næstur kemur á eftir gjalddaganum. Ef gjalddagi og eindagi krafna sem bankinn annast innheimtu á fyrir þriðja aðila er ekki sami dagur færast eindagi ekki þótt hann lendi á almennum frídegi eða helgidegi.

7. Verðskrá (gjaldtaka bankans)

Viðskiptavinir skulu greiða gjöld fyrir þjónustu bankans sem og annan kostnað samkvæmt verðskrá bankans hverju sinni. Þegar kveðið er á um gjaldtöku í öðrum skilmálum eða samningum sem bankinn gerir við viðskiptavini sína skulu þeir skilmálar gilda framar verðskrá bankans ef ósamræmi er þar á milli. Bankanum er heimilt að skuldfæra gjöld og kostnað af reikningi viðskiptavinar hjá bankanum og skulu slíkar skuldfærslur koma fram á reikningsyfirliti skuldfærslureiknings. Gjöldin eru innheimt ýmist sem ákveðin krónutala fyrir þjónustu, prósentutala af upphæð eða tímagjald samkvæmt útseldri vinnu starfsmanna bankans eða sambland af þessu þrennu.

Íslandsbanki hefur heimild til að breyta verðskrá sinni án nokkurs fyrirvara. Varði breytingarnar nýja þjónustubætti sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021 ber bankanum að tilkynna um þær með tveggja mánaða fyrirvara. Breytingar eru birtar í verðskrá bankans á heimasíðu hans, www.islandsbanki.is Geri viðskiptavinur ekki athugasemdir við breytingar á verðskrá fyrir gildistöku þeirra telst hann hafa samþykkt þær.

Ákvæði sérstakra samninga við viðskiptavininn sem kveða á um önnur kjör ganga framfar þessum skilmálum og taka breytingum í samræmi við ákvæði þeirra samninga.

Viðskipti í erlendum myntum fara eftir gengistöflu bankans eins og hún er hverju sinni. Gengistöflu má finna á heimasíðu bankans, www.islandsbanki.is Eðli viðskipta ræður því á hvaða gengi viðskipti eru framkvæmd. Myndist gengismunur vegna viðskipta bera viðskiptavinir áhættuna af því, nema samið hafi verið um annað.

Upplýsingar um verðskrá má nálgast á vef bankans www.islandsbanki.is, í þjónustuveri hans og í útibúum bankans.

8. Aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og upplýsingaöflun vegna skattamála

Íslandsbanka ber skylda til að kanna áreiðanleika viðskiptavina sinna skv. gildandi lögum þar að lútandi hverju sinni, nú 10. gr. laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og 92. gr. laga um tekjuskatt nr. 90/2003, sbr. reglugerð nr. 1240/2015, ásamt breytingarreglugerðum, um framkvæmd áreiðanleikakannana vegna upplýsingaöflunar á sviði skattamála. Áreiðanleikakönnun er samkvæmt því framkvæmd við upphaf viðskipta þegar um nýja viðskiptavininn er að ræða og reglulega á samningstímanum við bankann. Einnig getur upplýsinga verið óskað við stofnun reiknings eða hvers kyns viðskiptasambands.

Bankinn framkvæmir áreiðanleikakönnun með rafrænum spurningalista sem viðskiptavinur svarar sjálfur eða með aðstoð ráðgjafa þar sem kallað er eftir upplýsingum um viðskiptavininn og fyrirhuguð viðskipti hans og gögnum þeim til staðfestingar. Bankanum ber t.a.m. skylda til að óska eftir helstu persónuupplýsingum einstaklinga, s.s. um nafn, kennitölu, lögheimili, símanúmer, netfang, skattalegt heimilisfesti og ríkisfang. Lögaðilum ber meðal annars að veita upplýsingar um lagalegt form félagsins, lögheimili, pósthfang og kennitölu, fullnægjandi upplýsingar um starfsemi þess, upplýsingar um stjórn og framkvæmdastjórn og hverjir hafi heimild til að skuldbinda félagið, auk upplýsinga um raunverulega eigendur. Einnig er kallað eftir upplýsingum um skattalegt heimilisfesti og stofnriki lögaðila. Sé skattalegt heimilisfesti lögaðila erlent skal einnig óska upplýsinga um skattalegt heimilisfesti stjórnenda.

Þá er óskað eftir upplýsingum um það hvort viðskipti fari fram í þágu þriðja aðila, upplýsinga um tilgang viðskiptasambandsins og um uppruna fjármuna sem færðir verða bankanum til meðferðar.

Á bankanum hvílir einnig sú skylda að láta viðskiptavininn sanna á sér deili með því að framvísa gildum og viðurkenndum persónuskilríkjum (vegabréfi, ökuskrá eða nafnskrá) sem bankanum ber að taka afrit af og varðveita. Einnig er heimilt að nota rafræn skilríki í þessum tilgangi. Skal þetta gert áður en til nokkurra viðskipta er stofnað. Ef gildistími framvísaðs persónuskilríkis rennur út, á meðan viðskiptasamband viðskiptavinar og bankans varir, ber viðskiptavininn að sanna á sér deili að nýju. Lögaðilum ber að sanna á sér deili með framlagningu vottorðs úr fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra eða sambærilegri opinberri skrá. Þeir sem hafa heimild til að koma fram fyrir hönd lögaðila skulu einnig sanna á sér deili. Önnur gögn sem lögaðilum ber að leggja fram, vegna áreiðanleikakönnunar, eru m.a. afrit af samþykktum og endurskoðuðum ársreikningi. Stundum ber bankanum einnig að óska eftir skattframtölum frá viðskiptavininum og raunverulegum eigendum lögaðila.

Undirritun lögráðamanns er nauðsynleg vegna tiltekinna viðskipta og samninga þegar viðskiptavinur er ólögráðaður. Lögráðamanni viðskiptavinar ber skylda til að framvísa persónuskilríkjum sem gefin eru út af opinberum aðilum.

Íslandsbanka ber að varðveita afrit af persónuskilríkjum auk annarra gagna og upplýsinga um viðskiptavininn, sem aflað er á grundvelli ofangreindra laga, í a.m.k. fimm ár frá því að einstökum viðskiptum eða viðvarandi viðskiptasambandi lýkur.

Viðskiptavininn ber skylda til að tilkynna Íslandsbanka um breytingar á þeim upplýsingum sem hann veitir bankanum vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, FATCA eða CRS. Á meðan viðskiptasamband viðskiptavinar og Íslandsbanka varir sæta viðskipti hans reglubundnu eftirliti í því skyni að kanna hvort viðskiptin samrýmist fyrirbyggjandi upplýsingum um þá. Upplýsingar um viðskiptavininn skulu uppfærðar og frekari upplýsinga aflað eftir því sem þörf krefur, svo sem vegna breytinga á stjórn eða eignarhaldi lögaðila.

Vakni grunur um að fjármunir þeir sem viðskiptavinur hefur í hyggju að nota í viðskiptum við bankann séu ágóði af ólögumætri háttsemi og/eða tengist fjármögnun hryðjuverka, hefur bankinn heimild til að stöðva fyrirhuguð viðskipti.

Hafi bankinn rökstuddan grun eða réttmæt ástæða er til að ætla að viðskipti séu grunsamleg með tilliti til peningþvættis og/eða fjármögnunar hryðjuverka er bankanum skylt að tilkynna viðskiptin til lögreglu og láta henni í té allar nauðsynlegar upplýsingar vegna tilkynningarinnar.

Bankinn hefur heimild til að læsa reikningi fyrir innborgunum og/eða útborgunum vakni grunur um að reikningurinn hafi verið nýttur í tengslum við svik og/eða peningþvætti.

Íslandsbanki metur hverju sinni hvort veittar hafa verið nauðsynlegar upplýsingar og lögð fram fullnægjandi gögn, þeim til staðfestingar, svo skilyrði áreiðanleikakönnunar teljist uppfyllt, lögum samkvæmt. Bankanum er óheimilt að framkvæma viðskipti eða stofna til viðskiptasambands við viðskiptavini veiti þeir ekki umbeðnar upplýsingar eða framvísi umbeðnum gögnum vegna áreiðanleikakönnunar. Hafi þegar verið stofnað til viðskiptasambandsins skal binda enda á það án tafar, lögum samkvæmt.

Samkvæmt 92. gr. tekjuskattslaga ber bankanum að afhenda ríkisskattstjóra þar til greindar upplýsingar, svo sem um útlán, innstæður og greidda og móttækna vexti. Ef upplýsingarnar varða erlenda aðila er þeim miðlað áfram af hálfu ríkisskattstjóra til viðkomandi erlendra skattýfirvalda í samræmi við alþjóðlega samninga sem Íslenska ríkið hefur staðfest.

9. Útlán

Við upphaf lánsviðsskipta skulu viðskiptavinir veita bankanum heimild til að afla yfirlits um skuldbindingar þeirra við önnur fjármálafyrirtæki þar með taldar ábyrgðarskuldbindingar og skuldbindingar sem fyrirtæki innheimta fyrir aðra aðila. Viðskiptavininum ber einnig að afhenda bankanum önnur gögn sem bankinn kann að krefjast hverju sinni vegna lánsviðsskipta. Íslandsbanki hefur einnig heimild til að afla ýmissa nauðsynlegra upplýsinga úr opinberum skráum, s.s. frá Þjóðskrá og Lánstrausti hf. sem annast rekstur vanskilaskrár. Bankinn óskar eftir sömu heimildum frá mökum viðskiptavina bankans eða tengdum aðilum þegar um sameiginlegar og/eða gagnkvæmar skuldbindingar er að ræða.

Viðskiptavininum ber jafnframt að veita bankanum heimild til að framkvæma áhættumat vegna lánsviðsskipta á grundvelli þeirra upplýsinga og gagna sem viðskiptavinir bankans hafa látið honum í té og hann hefur aflað sjálfur.

Íslandsbanki kannar reglulega hvort þörf er á að óska eftir tryggingum eða auka við tryggingar vegna þegar veittra útlána og ábyrgða. Bankinn áskilur sér rétt til kalla eftir frekari tryggingum ef þörf krefur við beiðni um frekari viðskipti eða breytingu á gildandi lánaskilmálum.

10. Viðskipti með fjármálagerninga

Íslandsbanka ber samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti að kanna og leggja mat á mikilvæga þætti varðandi þekkingu, fjárhagslegan styrk og reynslu viðskiptavina sinna vegna fjárfestingarráðgjafar eða eignastýringar. Bankinn flokkar viðskiptavini sína vegna viðskipta með fjármálagerninga í þrjá flokka: viðurkennda gagnaðila, fagfjárfesta og almenna fjárfesta.

Viðskiptavinir bankans njóta mismikillar fjárfestaverndar eftir því til hvaða flokks þeir teljast en verndin er mest fyrir almennan fjárfesti. Íslandsbanki upplýsir viðskiptavini sína í hvaða flokk þeir falla að mati bankans en viðskiptavinir hans geta óskað eftir því að teljast til annars flokks.

Samkvæmt ákvæðum sömu laga heldur Íslandsbanki skrár yfir alla þjónustu sem bankinn veitir og öll viðskipti sem hann hefur milligöngu um á sviði viðskipta með fjármálagerninga. Þá ber bankanum að tilkynna Fjármálaeftirlitinu um öll viðskipti sem bankinn framkvæmir með fjármálagerninga sem teknir hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Um viðskipti með fjármálagerninga gilda almennir skilmálar Íslandsbanka þess efnis sem finna má á www.islandsbanki.is/fjarfestavernd Vegna viðbótarþjónustu, t.d. fjárfestingarráðgjafar eða eignastýringar gilda sérstakir skilmálar til viðbótar.

11. Lok viðskipta

Íslandsbanki og viðskiptavinir hans geta hvenær sem er sagt upp viðskiptum sín á milli án fyrirvara nema laga- eða samningsákvæði kveði á um annað. Óski viðskiptavinnur eftir því að segja upp viðskiptum við bankann eða afturkalla samþykki sitt fyrir vinnslu persónuupplýsinga, skal hann senda bankanum sannanlega tilkynningu þar um. Uppsögn af hálfu bankans skal tilkynnt með sannanlegum hætti eins fljótt og við verður komið.

Að því leyti sem uppsögn varðar greiðslureikninga eða þjónustupætti sem falla undir gildissvið laga um greiðsluþjónustu nr. 114/2021, skal uppsögn að jafnaði tilkynnt með tveggja mánaða fyrirvara. Ef uppsögn má rekja til eftirfarandi tilvika áskilur bankinn sér engu að síður rétt til þess að binda enda á slík viðskiptasambönd án fyrirvara, að fullu eða að hluta, að eigin frumkvæði og með einhliða tilkynningu til viðskiptavinar.

- Viðskiptavinur verður uppvís að því að brjóta lög, misnota þjónustu eða vörur bankans eða viðskiptavinur brýtur gegn viðskiptaskilmálum eða öðrum reglum sem gilda um viðskipti hans við bankann.
- Ef áframhaldandi viðskiptasamband telst að mati bankans valda bankanum verulegri fjártjóns- eða orðsporsáhættu, þar með talið vegna atvika sem lýst er í 8. gr. skilmála þessara.
- Ef viðskiptasambandið telst að mati bankans fela í sér hættu á peningþvætti eða fjármögnun hryðjuverka. Hið sama gildir ef viðskiptasambandið telst ósamrýmanlegt áhættumati bankans eða fellur utan skilgreinds áhættuvilja bankans með hliðsjón af ákvæðum laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.
- Viðskiptavinur eða þriðji aðili verður uppvís að því að nýta vöru eða þjónustupætti viðkomandi viðskiptavinar í ólögum tilgangi eða þannig að brjóti gegn lögum með öðrum hætti.
- Ef bankanum er á grundvelli laga eða stjórnvaldsfyrirmæla skylt að binda enda á viðskiptasambandið, svo sem vegna laga nr. 140/2018 um aðgerðir gegn peningþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Bankanum er heimilt að segja upp samningi um almennan greiðslureikning neytanda í samræmi við skilyrði sem eru tilgreind í lögum um greiðslureikninga nr. 5/2023.

Í framangreindum tilvikum getur bankinn bundið enda á viðskiptasambandið og lokað á þjónustu án þess að tilkynna viðskiptavini um það fyrirfram. Bankinn áskilur sér ennfremur rétt til þess að segja upp viðskiptum í öðrum tilvikum án fyrirvara, svo sem þegar um viðskiptasamband við lögaðila er að ræða eða samninga um þjónustupætti sem ekki fela í sér greiðsluþjónustu.

Hafi viðskiptavinur ekki sinnt upplýsingaskyldu gagnvart bankanum um heimilisfang sitt, aðsetur, símanúmer eða netfang fer uppsögn fram án tilkynningar.

Þegar bankinn segir upp viðskiptasambandi að öllu leyti þá á það við um allar vörur og þjónustu sem að viðskiptavinur er með hjá bankanum, þ.á.m. geymsluhólf.

Bankinn hefur heimild til að læsa reikningum þegar vanskil verða hjá viðskiptavini. Uppsögn viðskiptavinar getur leitt til fyrirvaralausrar afturköllunar á yfirdráttarheimild og lokunar á greiðslukortum.

Útlánasamningum er aðeins hægt að segja upp af bankans hálfu með aðvörun og þá því aðeins að fyrir liggja samningsrof eða aðrar vanefndir eins og slíkt er skilgreint í skilmálum viðkomandi útlána. Tilteknum útlánasamningum getur verið óheimilt að segja upp samkvæmt ákvæðum þeirra eða lögum. Í öðrum ákveðnum tilvikum lánaviðskipta, þegar heimilt er að greiða lán upp, getur bankinn krafist uppgreiðslugjalds samkvæmt verðskrá bankans nema sérstaklega hafi verið samið um aðra fjárhæð.

Uppsögn reikningseiganda á bundnum innlánsreikningum tekur ekki gildi fyrr en samningsbundinn binditími er liðinn.

Bankinn hefur heimild til að loka innstæðulausum reikningi sem staðið hefur óhreyfður yfir 4 áramót fyrirvaralaust og án tilkynningar. Þá hefur bankinn heimild til að eyðileggja reikninga þegar skuld hefur verið greidd í kjölfar löginnheimtu og þegar afskrift á skuld á reikningi hefur átt sér stað.

12. Erlend viðskipti

Íslandsbanki ber enga ábyrgð á mögulegum mistökum eða vanrækslu sem leiða kann af vali viðskiptavinar á erlendum viðskiptaaðila og áreiðanleika hans. Hið sama gegnir um mistök eða vanrækslu erlendra fjármálafyrirtækja. Er viðskiptavinur bankans bent á að kynna sér skilmála viðkomandi erlends fjármálafyrirtækis, gildandi löggjöf þess ríkis og framkvæmd viðskipta þar í landi.

Gengistafla Íslandsbanka gildir í öllum viðskiptum með erlenda mynt nema um annað sé sérstaklega samið. Fer það eftir eðli viðskipta hvort notað er stundargengi, lokagengi eða sérgengi sem er ákveðið af bankanum.

Í þeim viðskiptum sem myndast getur gengismunur bera viðskiptavinir bankans alla áhættu þar af nema sérstaklega hafi verið samið um annað.

Samkvæmt lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 140/2018 ber Íslandsbanka skylda til að staðfesta uppruna þeirra fjármuna sem notaðir eru í viðskiptum við bankann. Viðskipti við lönd á lista Seðlabanka Íslands um áhættusöm og ósamvinnuþýð ríki eru stöðvuð í kerfum bankans og skoðuð sérstaklega. Til þess að unnt sé að skoða umræddar greiðslur nánar og sannreyna gerir bankinn kröfu um að viðeigandi upplýsingar fylgi. Í þeim tilvikum sem þær reynast ófullnægjandi kallar bankinn eftir frekari upplýsingum, hvort sem er frá viðtakanda eða sendanda.

Bankinn telst ekki hafa móttengi greiðslufyrirmæli fyrr en allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að framkvæma greiðsluna liggja fyrir. Eftir móttöku á greiðslufyrirmælum í íslenskum krónum er greiðslan eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda í síðasta lagi í lok næsta bankadags. Ef greiðslufyrirmæli eru í evrum er greiðslan eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda í síðasta lagi í lok næsta bankadags. Annars er miðað við að greiðslufyrirmæli í erlendum gjaldmiðli séu eignfærð á reikning greiðsluþjónustuveitanda viðtakanda fimm bankadögum eftir viðtöku, enda leiði sérstakar ástæður ekki til lengri tíma.

Synji bankinn framkvæmd greiðslufyrirmæla verður viðskiptavini tilkynnt um það, nema annað leiði af lögum. Hafni bankinn greiðslufyrirmælum jafngildir það því að greiðslufyrirmæli hafi ekki verið móttekin en í því felst meðal annars að ef gögn og upplýsingar eru ekki fullnægjandi að mati bankans þá verða greiðslurnar ekki sendar af stað eða endursendar ef þær eru í bið og því gæti fylgt kostnaður hjá banka sendanda og/eða skv. verðskrá Íslandsbanka.

Um erlendar greiðslur gilda takmarkanir sem kunna að felast í lögum um gjaldeyrismál nr. 70/2021 á hverjum tíma, reglum settum samkvæmt þeim lögum og reglugerð um upplýsingar sem fylgja skulu við millifærslu fjármuna.

13. Rafrænar upplýsingar og rafrænar undirskriftir

Íslandsbanka er heimilt að veita viðskiptavinum sínum allar upplýsingar sem honum er skylt að veita með rafrænum hætti nema lög kveði á um annað.

Undirritanir viðskiptavina bankans sem framkvæmdar eru með rafrænum skilríkjum hafa fullt gildi í viðskiptum við bankann.

14. Hljóðritun símtala

Íslandsbanki áskilur sér rétt til að hljóðrita símtöl til að geta sannreynt efni þeirra. Bankinn áskilur sér jafnframt rétt til þess að nýta upplýsingarnar ef upp kemur ágreiningur milli aðila eða í öðrum þeim tilvikum sem bankinn telur nauðsynlegt. Bankinn ábyrgist ekki að öll símtöl séu hljóðrituð.

Öll hljóðritun símtala er í samræmi við ákvæði laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Skoðun og afhending upptaka er aðeins heimil ákveðnum starfsmönnum bankans og yfirvaldi, s.s. lögreglu og eftirlitsstofnunum.

15. Eftirlitsmyndavélar

Íslandsbanki nýtir stafrænar myndavélar til eftirlits á starfsstöðum sínum að hraðbönkum meðtöldum. Um notkun eftirlitsmyndavéla fer eftir ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Skoðun og afhending upptaka er aðeins heimil ákveðnum starfsmönnum bankans og yfirvaldi, s.s. lögreglu og sýslumannsembættum.

16. Meðferð persónuupplýsinga

Íslandsbanki skal eingöngu óska eftir upplýsingum frá viðskiptavinum sínum sem nauðsynlegar eru fyrir bankann til að þjónusta þá eða lög eða reglur áskilja að aflag sé. Sama á við um upplýsingar sem bankinn aflar um viðskiptavini sína frá opinberum aðilum, s.s. frá þjóðskrá.

Íslandsbanki skráir upplýsingar um viðskiptavini sína í tölvukerfi sín. Upplýsingar sem hér um ræðir eru m.a. kennitala, heimilisfang og aðrar þær upplýsingar sem viðskiptavinir hafa veitt bankanum með útfyllingu eyðublaða og forma bankans.

Upplýsingarnar eru aðgengilegar afkomusviðum bankans sem kunna að vera rekin undir öðrum auðkennum (svo sem VíB og ERGO) þegar við á, nema að reglur um

aðskilnað viðkomandi sviðs frá meginstarfsemi (kínaveggi) eigi við. Íslandsbanka er einnig heimilt að afhenda öðrum félögum innan Íslandsbankasamstæðunnar persónuupplýsingar um viðskiptavinina sína án samþykkis hafi viðskiptavinir leitað eftir þjónustu frá viðkomandi félögum. Viðskiptavinir bankans geta hins vegar óskað eftir því við bankann að afhending upplýsinga í þessum tilgangi fari ekki fram til annarra félaga í samstæðu bankans.

Bankanum er heimilt lögum samkvæmt að halda utan um og vinna með upplýsingarnar með rafrænum hætti. Vinnsla getur t.d. verið nauðsynleg við gerð viðskiptasamninga, í tengslum við efndir viðskiptasamninga á gildistíma þeirra og í því skyni að setja fram og birta upplýsingar í netbanka- og snjalltækjalausnum bankans. Vinnsla persónuupplýsinga getur verið notuð sem grundvöllur fjármálaráðgjafar og greiningar viðskiptavina. Vinnsla getur einnig verið nauðsynleg til þess að hlíta kröfum laga um áhættumat og áhættugreiningu, svo sem í tengslum við útreikning lögbundinnar eiginfjárkröfu sem gerð er á hendur fjármálafyrirtækjum á hverjum tíma o.fl.

Bankinn kann að nota persónuupplýsingar í markaðslegum tilgangi, þ.m.t. til að þróa nýjar þjónustuleiðir og viðskiptalausnir sem beint er til ákveðins hóps viðtakenda á grunni persónuupplýsinga. Bankinn getur haft samskipti í þessu skyni við viðskiptavinina í gegnum SMS, tölvupóst, netbanka eða önnur rafræn skilaboð. Bankinn notar sams konar samskiptaleiðir til að senda viðskiptavinum tilkynningar og meta gæði þjónustu sem bankinn veitir. Viðskiptavinir bankans geta óskað eftir því að notkun persónugreinanlegra upplýsinga eða að sending tölvupósts í markaðslegum tilgangi fari ekki fram. Viðskiptavinir bankans eiga rétt á að fá upplýsingar um hvaða persónuupplýsingar bankinn hefur skráð um þá samkvæmt ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og í samræmi við reglur Íslandsbanka um meðferð viðskiptamannaupplýsinga. Nánari upplýsingar um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga hjá Íslandsbanka má finna hér: www.islandsbanki.is/personuvernd

Flokkun persónuupplýsinga, svo sem vegna fjármálaalegra færslna sem viðskiptavinur hefur aðgang að í gegnum netbanka- eða snjalltækjalausnir, má setja fram gagnvart viðskiptavinum með hverjum þeim hætti sem eykur notkunargildi þeirra og gegnsæi eða til að uppfylla þá þjónustupætti sem í boði eru á hverjum tíma, enda sé öryggi upplýsinganna tryggt með fullnægjandi hætti eftir sem áður.

Vinnsla og geymsla persónuupplýsinga skal vera í samræmi við það sem nauðsynlegt er til starfrækslu fjármálafyrirtækis. Þá getur vinnsla persónuupplýsinga verið nauðsynleg við rannsóknir ef grunsemdir vakna um peningabætti eða aðra sviksemi og byggir slík vinnsla á viðeigandi löggjöf. Íslandsbanki skal gæta þess að vinnsla og vistun persónuupplýsinga sé ætíð í samræmi við gildandi lög og reglur.

17. Þagnarskylda

Starfsmenn Íslandsbanka eru bundnir þagnarskyldu um allt það er varðar hagi viðskiptavina bankans og um önnur atriði sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu og leynt skal fara með samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki.

Bankinn getur hins vegar gefið upplýsingar um viðskiptavinum sína þegar þeir sjálfir óska þess eða hafa veitt skilyrt samþykki sitt fyrir slíku.

Þrátt fyrir lögboðna trúnaðarskyldu gagnvart utanaðkomandi aðilum um málefni viðskiptavina er bankanum skylt samkvæmt lögum að veita opinberum aðilum (s.s. tollgæslu-, skatta- og lögregluvirkvöldum) slíkar upplýsingar undir ákveðnum kringumstæðum.

Íslandsbanki gefur öðrum fjármálafyrirtækjum upp nöfn og kennitölur viðskiptavina bankans í þeim tilvikum þegar þeir sjálfir hafa óskað eftir millifærslu á reikning í öðru fjármálafyrirtæki. Upplýsingagjöfin fer fram svo viðtakandi greiðslunnar geti borið kennsl á greiðanda.

Hver sá sem tekur við upplýsingum sem varða hann ekki, hvort sem það er fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar, er bundinn trúnaðar- og þagnarskyldu um þær upplýsingar og er honum óheimilt að notfæra sér þær á nokkurn hátt, skrá

þær hjá sér eða miðla þeim. Ber viðtakanda að eyða upplýsingunum án tafar og tilkynna Íslandsbanka um að upplýsingar hafi ranglega borist honum.

18. Ábyrgð á tjóni

Íslandsbanki ber ábyrgð á tjóni sem viðskiptavinir hans verða sannanlega fyrir vegna mistaka eða vanrækslu starfsmanna bankans við framkvæmd samningsskyldna. Íslandsbanki ber ekki ábyrgð á tjóni sem orsakast af:

1. Bilunum í samskipta- eða tölvukerfum bankans eða skemmdum í gagnaskráum óháð því hvort bankinn eða þriðji aðili ber ábyrgð á rekstri kerfanna.
2. Lagafyrirmælum, lögaldursákvæðum eða áþekktum ákvæðum, styrjöld eða styrjaldarógnunum, uppbotum, borgaralegum óeirðum, ofbeldisverkum, skemmdarstarfsemi, náttúruhamförum, verkföllum, verkbönum, viðskiptabönum og hafnbönum, að því tilskildu að þau snerti hluta af starfsemi bankans.
3. Öðrum óviðráðanlegum aðstæðum.

Viðskiptavinir bankans bera ábyrgð á tjóni gagnvart bankanum sem rakið verður til ásetnings, vanrækslu eða stórfellds gáleysis af þeirra hálfu.

19. Kvartanir og ábendingar

Hafi viðskiptavinir Íslandsbanka einhverjar ábendingar eða kvartanir vegna þjónustu eða meintra mistaka bankans og/eða starfsmanna hans við framkvæmd laga eða reglna geta þeir komið erindi sínu á framfæri með neðangreindum boðleiðum:

Á vefsíðu: www.islandsbanki.is

Bréfleiðis:

Íslandsbanki

„Þjónustumál“

Hagasmára 3

201 Kópavogi

Símleiðis: 440-4000

Í næsta útibúi Íslandsbanka

Allar kvartanir eru teknar til skoðunar hjá bankanum. Kvörtun er svarað skriflega, eða á sambærilegan hátt og kvörtun barst, eigi síðar en fjórum vikum frá móttöku kvörtunar. Bankinn áskilur sér rétt til að leiða hjá sér kvartanir eða samskipti sem eru ósæmleg, ómálefnaleg eða fela í sér hótun í garð starfsfólks.

20. Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Ef viðskiptavinir bankans eru ósáttir við þau svör eða þær úrlausnir sem þeir fá frá Íslandsbanka geta þeir beint kvörtun sinni til Úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki:

Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki

Guðrúnartúni 1

105 Reykjavík

Sími: 578-6500

fjarmal@nefndir.is

Til að óska eftir úrskurði nefndarinnar þarf að fylla út sérstakt eyðublað sem finna má á www.nefndir.is/fjarmala/.

Sjá nánar á vef Íslandsbanka um meðferð kvartana og á www.nefndir.is/fjarmala þar sem fram kemur m.a. hvaða kvartanir nefndin tekur til meðferðar.

21. Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta

Með lögum um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, er innstæðueigendum í viðskiptabönkum og sparisjóðum og viðskiptavinum fyrirtækja sem nýta sér heimildir laga til að stunda viðskipti með verðbréf veitt lágmarksvernd gegn greiðsluerfiðleikum viðkomandi fyrirtækis með stofnun sérstakrar stofnunar er nefnist Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta.

Sjóðnum er skylt að greiða viðskiptavini viðkomandi fyrirtækis andvirði innstæðu og andvirði verðbréfa og reiðufjár í tengslum við viðskipti með verðbréf ef fyrirtækið er ekki fært að áliti Fjármálaeftirlitsins að inna af hendi slíka greiðslu sem

viðskiptavinur hefur krafðið fyrirtækið um endurgreiðslu eða skil á. Ákveðnar reglur gilda um fjárhæð til greiðslu ef eignir sjóðsins duga ekki til þess að greiða heildarfjárhæð tryggðra innstæðna, verðbréfa og reiðufjár. Sjá nánar vef Tryggingarsjóðs innstæðueiganda og fjárfesta, www.tryggingarsjodur.is.